

## Fundargerð 12.fundar


Samráðshóps um málefni aldraðara í Hrunamannahrepp 17. Febrúar 2026.

### 1.fundur ársins

Anna leggur fram hugmynd á blaði um aukna aðstoð þegar þarf. Samþykkt að beina þessu til sveitarstjórnar til að meta og ræða.

Fundi slitið kl.16.50

Mættir voru; Þröstur Jónsson, Anna E. Ipsen, Guðrún Alfreðsdóttir, Hjörleifur Ólafsson og Stefán Arngrímsson.



### Tillagan er svona:

Hugmynd um hjálp við sérstök verk.

Hugmynd mín snýst um létt viðvik á kostnað hjálppega. Það kemur fyrir að þurfi að gera smáviðvik úti eða inni. Þeir sem þiggja heimilishjálpmega ekki biðja hjálpina að þvo eldhúsinnréttingu að ofan, ég miða við hæð í huganum.

Ekki eiga allir ættingja eða vini til að snúast í svona „Tutli. Þeir sem búa einir og eru hreyfiskertir eða gamlir geta ekki farið upp í tröppu til að skipta um peru í loftljósi, tala nú ekki um hækkuðu stofuloftin. Stundum eru ekki útiljós við hús vegna þess að viðkomandi getur ekki skipt um peru í því.

Þetta eru dæmi um hvað ég meina.

Þessi einstaklingur sem væri til í svona snúninga gæti verið einhver hress einstaklingur sem treystir sér upp í stiga. Greiðslur væru vissar og kynntar fyrirfram.

Á hvers vegum veit ég ekki.

Anna E. Ipsen